

ICELANDAIR GROUP HAGNAST UM 67 MILLJÓNIR USD

- | Hagnaður ársins fyrir skatta nam 79,9 milljónum USD og jókst um 8,9 milljónir USD eða 12% á milli ára.
- | EBITDA 2014 nam 154,3 milljónum USD samanborið við 143,7 milljónir USD árið 2013.
- | Rekstrartekjur jukust um 9% á milli ára.
- | EBITDA á fjórða ársfjórðungi var neikvæð um 1,5 milljón USD og lækkaði um 8,3 milljónir USD á milli ára.
- | Eiginfjárlutfall 43% í árslok 2014 samanborið við 42% í árslok 2013.
- | Nettó vaxtaberandi skuldir lækkuðu um 76,2 milljónir USD á árinu og voru neikvæðar í lok árs um 153,7 milljónir USD.
- | Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 2.500 milljónir króna verði greiddar til hluthafa á árinu 2015 sem samsvarar 0,5 krónum á hvern hlut.

| Púsundir USD | 4. ársfj. 2014 | 4. ársfj. 2013 | Breyt. | % Breyt. | 12 mán. 2014 | 12 mán. 2013 | Breyt. | % Breyt. |
|-----------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------|-------------|-----------------|-----------------|-------------|-------------|
| Rekstrarreikningur | | | | | | | | |
| Heildartekjur | 205,481 | 212,650 | -7,171 | -3% | 1,113,297 | 1,022,957 | 90,340 | 9% |
| EBITDAR | 7,088 | 16,821 | -9,733 | -58% | 193,410 | 189,870 | 3,540 | 2% |
| EBITDA | -1,481 | 6,847 | -8,328 | -122% | 154,338 | 143,710 | 10,628 | 7% |
| EBIT | -18,756 | -10,928 | -7,826 | 72% | 79,009 | 73,011 | 5,998 | 8% |
| EBT | -17,695 | -11,185 | -6,510 | 58% | 79,908 | 71,048 | 8,860 | 12% |
| Tap/hagnaður tímabilsins | -14,974 | -9,108 | -5,866 | 64% | 66,499 | 56,418 | 10,081 | 18% |
| Efnahagsreikningur | | | | | | | | |
| Heildareignir | - | - | - | - | 849,220 | 832,875 | 16,345 | 2% |
| Eigið fé | - | - | - | - | 365,055 | 346,082 | 18,973 | 5% |
| Vaxtaberandi skuldir | - | - | - | - | 61,934 | 122,017 | -60,083 | -49% |
| Handbært fé og markaðsverðbréf | - | - | - | - | 215,641 | 199,493 | 16,148 | 8% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | - | - | - | - | -153,707 | -77,476 | -76,231 | - |
| Sjóðstreymi | | | | | | | | |
| Veltufé til/frá rekstri | -10,125 | 4,574 | -14,699 | - | 162,807 | 162,385 | 422 | 0% |
| Handbært fé frá rekstri | 4,552 | 15,713 | -11,161 | -71% | 215,315 | 230,874 | -15,559 | -7% |
| Fjárfestingahreyfingar | -43,818 | -32,663 | -11,155 | 34% | -130,156 | -113,223 | -16,933 | 15% |
| Fjármögnunarahreyfingar | -3,008 | -7,942 | 4,934 | -62% | -88,684 | -45,232 | -43,452 | 96% |
| Handbært fé í lok tímabils | 184,762 | 191,538 | -6,776 | -4% | 184,762 | 191,538 | -6,776 | -4% |
| Lykiltölur | | | | | | | | |
| Afkoma USD cent á hlut | -0.30 | -0.19 | -0.11 | 58% | 1.34 | 1.13 | 0.21 | 19% |
| Innra virði hlutafjár | - | - | - | - | 8.99 | 8.52 | 0.47 | 6% |
| Eiginfjárlutfall | - | - | - | - | 43% | 42% | 1.4 %-stig | - |
| Veltufjárlutfall | - | - | - | - | 0.83 | 0.94 | -0.11 | -11% |
| Fjárfestingar, púsundir USD | 39,417 | 20,533 | 18,884 | 92% | 109,293 | 114,240 | -4,947 | -4% |
| Flutningatekjur % af heildartekjum | 72% | 66% | 6.4 %-stig | - | 73% | 69% | 4.1 %-stig | - |
| EBITDAR hlutfall | 3.4% | 7.9% | -4.5 %-stig | - | 17.4% | 18.6% | -1.2 %-stig | - |
| EBITDA hlutfall | -0.7% | 3.2% | -3.9 %-stig | - | 13.9% | 14.0% | -0.2 %-stig | - |
| Hlutabréf íslenskar krónur | | | | | | | | |
| Hæsta verð á tímabili | 21.40 | 18.20 | 3.20 | 18% | 21.40 | 18.20 | 3.20 | 18% |
| Lægsta verð á tímabili | 17.40 | 15.25 | 2.15 | 14% | 16.45 | 8.22 | 8.23 | 100% |
| Lokaverð tímabils | - | - | - | - | 21.40 | 18.20 | 3.20 | 18% |
| Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir) | - | - | - | - | 107,000 | 91,000 | 16,000 | 18% |

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

„Afkoma ársins 2014 er betri en áætlanir stjórnenda gerðu ráð fyrir í upphafi árs og EBITDA ársins er við efri mörk síðustu afkomuspár félagsins. Hagnaður ársins eftir skatta nam 66,5 milljónum USD og jókst um 18% frá fyrra ári. EBITDA nam USD 154,3 milljónum og hækkaði um 7% á milli ára. Afkoma fjórða ársfjórðungs er í takt við afkomuspá sem birt var í lok október sl. Það er ljóst að margir samverkandi þættir hafa jákvæð áhrif á sterkt uppgjör. Þar má nefna lækkandi eldsneytisverð, aukna eftirspurn á Norður-Atlantshafsmarkaðinum sem við höfum mætt með auknu framboði ásamt góðri afkomu í leiguflugi. Veiking evrunnar gagnvart bandaríkjadal hafði neikvæð áhrif á rekstur félagsins auk þess sem kostnaður við skoðanir fraktvéla var mun hærri en gert hafði verið ráð fyrir.

Frá og með árinu 2010 hefur verið stígandi í rekstri Icelandair Group. Tekjur hafa vaxið um USD 395 milljónir og námu USD 1,1 milljarði á árinu 2014. Á undanförunum árum höfum við þétt enn raðir starfsfólks okkar og tryggt jafnan vöxt innviða til að búa í haginn fyrir framtíðina. Fyrirhyggja er og verður lykillinn að arðbærum langtímavexti félagsins. Sterk eiginfjárstaða og undirliggjandi sjóðstreymi tryggja getu okkar til að ráðast í arðbærar fjárfestingar sem auka samkeppnishæfni til langs tíma. Við erum með skýra framtíðarsýn og höfum á að skipa einvala liði starfsfólks sem ég þakka öðrum fremur þann góða árangur sem við náðum á síðasta ári.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi arðbærum innri vexti í rekstri Icelandair Group á árinu 2015. Flugáætlun í millilandaflugi verður 14% umfangsmeiri samanborið við árið 2014 og fyrir liggur að veruleg uppbygging mun eiga sér stað í hótelfstarfsemi félagsins í miðborg Reykjavíkur. Heilt á litið eru jákvæðar horfur í ferðapjónustu á Íslandi auk þess sem við teljum hagfelldar horfur í fraktflugningum og leiguflygsstarfsemi á árinu 2015.

EBITDA-spá fyrir árið 2015 hækkar samanborið við árið 2014 og gerir spáin ráð fyrir að EBITDA verði á bilinu 160-165 milljónir USD. Lækkun eldsneytisverðs er sá einstaki kostnaðarliður sem hefur mest áhrif til hækkunar á EBITDA. Mikilvægt er að árétta að ytri þættir svo sem sveiflur á eldsneytisverði og gjaldeyrismörkuðum og niðurstöður kjarasamninga á vinnumarkaði geta haft töluverð áhrif á afkomu félagsins.“

FLUTNINGATÖLUR

- | **Metfjöldi: 2,6 milljónir farþega í millilandaflugi á árinu 2014.**
- | **Farþegar í millilandaflugi á fjórða ársfjórðungi voru 533 þúsund og fjölgaði um 14%.**
- | **Sætanýting var 79,1% í fjórðungnum og jókst um 2,9 prósentustig á milli ára.**
- | **Nýting á hótelum félagsins var góð og jókst um 4,9 prósentustig miðað við árið 2013.**

| | 4.ársfj. '14 | 4. ársfj. '13 | % br. | 12 mán. '14 | 12 mán. '13 | % br. |
|---------------------------------------|-----------------|------------------|------------|----------------|----------------|------------|
| MILLILANDAFLUG | | | | | | |
| Farþegafjöldi ('000) | 533,1 | 468,8 | 14% | 2.605,5 | 2.257,3 | 15% |
| Sætanýting (%) | 79,1 | 76,2 | 2,9 %-stig | 80,4 | 79,3 | 1,1 %-stig |
| Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000) | 2.023,4 | 1.820,2 | 11% | 9.673,3 | 8.320,3 | 16% |
| INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG | | | | | | |
| Farþegafjöldi ('000) | 63,4 | 67,7 | -6% | 292,7 | 307,3 | -5% |
| Sætanýting (%) | 70,7 | 69,4 | 1,3 %-stig | 71,5 | 71,1 | 0,4 %-stig |
| Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000) | 28,2 | 30,7 | -8% | 147,6 | 154,5 | -5% |
| LEIGUFLUG | | | | | | |
| Flotanýting (%) | 90,9 | 90,6 | 0,3 %-stig | 94,2 | 91,0 | 3,2 %-stig |
| Seldir blokk tímar | 5.081 | 6.598 | -23% | 21.044 | 28.089 | -25% |
| FRAKTFLUTNINGAR | | | | | | |
| Framboðnir tonn kílómetrar ('000) | 47.810 | 47.307 | 1% | 216.617 | 201.796 | 7% |
| Seldir tonn kílómetrar ('000) | 24.940 | 24.648 | 1% | 97.660 | 94.787 | 3% |
| HÓTEL | | | | | | |
| Framboðnar gistinætur | 67.988 | 68.080 | 0% | 316.773 | 314.603 | 1% |
| Seldar gistinætur | 45.046 | 39.236 | 15% | 239.522 | 222.320 | 8% |
| Herbergjanýting (%) | 66,3 | 57,6 | 8,6 %-stig | 75,6 | 70,7 | 4,9 %-stig |

Farþegar í millilandaflugi námu alls 533 þúsund á fjórða ársfjórðungi og jókst fjöldinn um 14% samanborið við fjórða ársfjórðung 2013. Framboð jókst á sama tímabili um 11%, sætanýting nam 79,1% samanborið við 76,2% á árinu á undan. Heildarfarþegafjöldi ársins var 2,6 milljónir og hefur félagið aldrei flutt fleiri farþega á einu ári í millilandaflugi áður. Sætanýting ársins var góð, nam 80,4% og jókst um 1,1 prósentustig á milli ára. Sætanýtingin hefur aðeins einu sinni áður verið hærri en það var árið 2012 þegar hún var 80,6%. Aukning farþega á árinu 2014 var mest á markaðnum um Ísland á milli Evrópu og N-Ameríku eða 23%. Sá markaður er jafnframt stærsti markaður félagsins með 48% af heildarfarþegafjölda árið 2014.

Farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi voru um 63 þúsund á fjórða ársfjórðungi 2014 og fækkaði um 6% miðað við sama tímabil í fyrra. Heildarfarþegafjöldi ársins var rétt um 293 þúsund samanborið við 307 þúsund árið 2013 sem er fækkun um 5%. Framboð var dregið saman á milli ára til að bregðast við minnkandi eftirspurn og nam sætanýting fyrir árið 71,5% og hækkaði um 0,4 prósentustig frá fyrra ári. Flotanýting í leiguflugsverkefnum jókst um 3,2 prósentustig á árinu 2014 og nam 94,2%. Seldum blokk tímum í leiguflugi fækkaði um fjórðung á milli ársins 2014 og 2013, sem skýrist af minni eftirspurn á leiguflugsörkuðum auk þess sem félagið hætti leiguflugi með frakt um mitt ár og sinnir nú eingöngu fraktflutningum í áætlunarflugi. Fjöldi seldra gistinóta jókst mikið á fjórða ársfjórðungi eða sem nam 15%. Fjöldi framboðinna gistinóta stóð í stað á sama tímabili. Seldum gistinóttum á árinu 2014 fjölgaði einnig töluvert eða um 8% og herbergjanýting ársins jókst, nam 75,6% samanborið við 70,7% á árinu 2013.

REKSTUR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS

| Þúsundir USD | 4. ársfj. 2014 | 4. ársfj. 2013 | Breyting | % Breyting |
|-----------------|-------------------|-------------------|-------------|------------|
| EBITDAR | 7,088 | 16,821 | -9,733 | -58% |
| EBITDA | -1,481 | 6,847 | -8,328 | - |
| EBIT | -18,756 | -10,928 | -7,826 | 72% |
| EBT | -17,695 | -11,185 | -6,510 | 58% |
| Tap tímabilsins | -14,974 | -9,108 | -5,866 | 64% |
| EBITDAR % | 3.4% | 7.9% | -4.5 %-stig | - |
| EBITDA % | -0.7% | 3.2% | -3.9 %-stig | - |

EBIT var neikvætt um 18,8 milljónir USD en var neikvætt um 10,9 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Tap eftir skatta var 15,0 milljónir USD en á sama tímabili 2013 nam tapið 9,1 milljón USD. EBITDA var neikvæð um 1,5 milljónir USD á fjórða ársfjórðungi og lækkaði um 8,3 milljónir USD miðað við sama tímabil 2013. Helstu skýringar á lækkun EBITDA á milli ára eru að afkoma af fraktstarfsemi versnaði mikið þar sem kostnaður vegna viðhaldsskoðunar var mikill. Skoðunin tók mun lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir og þurfti að leigja inn vélar með tilheyrandi kostnaði. Jákvæð áhrif lækkandi eldsneytisverðs á EBITDA (að teknu tilliti til varna) er um 4,3 milljónir USD. Aðrir liðir sem komu til lækkunar á EBITDA í flugstarfsemi félagsins námu alls 7,4 milljónum USD. Má þar nefna neikvæð áhrif af gengi evru gagnvart USD, aukinn markaðs og sölukostnaður milli ára, ásamt hækkun launakostnaðar vegna nýrra kjarasamninga við flugstéttir.

Þúsundir USD

| | |
|------------------------------------------------|---------------|
| EBITDA 4. ársfjórðungur 2013 | 6.847 |
| Flugstarfsemi - fraktflutningar | -4.548 |
| Flugstarfsemi - áhrif lækkunar eldsneytisverðs | 4.273 |
| Flugstarfsemi – annað | -7.389 |
| EBITDA breyting - Ferðatengd þjónusta | -32 |
| Annað | -632 |
| EBITDA 4. ársfjórðungur 2014 | -1.482 |

TEKJUR Á FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGI

- Heildartekjur voru 3% lægri en á 4. ársfjórðungi 2013.
- Farþegatekjur jukust um 7% á milli ára.

| Þúsundir USD | 4. ársfj. 2014 | 4. ársfj. 2013 | Breyting | % Breyting | % af tekjum 2014 |
|--------------------------|-------------------|-------------------|---------------|------------|---------------------|
| Flutningatekjur: | 148.729 | 140.215 | 8.514 | 6% | 72% |
| Farþegaflug | 137.860 | 128.654 | 9.206 | 7% | 67% |
| Vöru- og pósthflutningar | 10.869 | 11.561 | -692 | -6% | 5% |
| Flugvéla- og áhafnaleiga | 19.194 | 31.225 | -12.031 | -39% | 9% |
| Aðrar rekstrartekjur | 37.558 | 41.210 | -3.652 | -9% | 18% |
| Samtals | 205.481 | 212.651 | -7.170 | -3% | 100% |

Flutningatekjur jukust um 8,5 milljónir USD eða um 6% á milli ára. Tekjur af leiguflogi námu 19,2 milljónum USD og drógust saman um 39% á milli ára vegna færri leiguflogsverkefna ásamt því að félagið hætti algerlega leiguflogi með frakt um mitt ár 2014. Aðrar rekstrartekjur lækkuðu um 3,7 milljónir USD eða um 9% miðað við fjórða ársfjórðung 2013, sjá nánara niðurbrot í töflunni hér að aftan.

| Púsundir USD | 4. ársfj. 2014 | 4. ársfj. 2013 | Breyting | % Breyting |
|---------------------------------------------|-------------------|-------------------|---------------|------------|
| Vörusala á hótélum, flugvöllum og flugvélum | 15.937 | 14.589 | 1.348 | 9% |
| Tekjur af ferðaþjónustu | 10.134 | 11.659 | -1.525 | -13% |
| Afgreiðslu og þjónustutekjur af flugfrakt | 7.553 | 8.662 | -1.109 | -13% |
| Seld viðhaldsþjónusta | 1.313 | 1.970 | -657 | -33% |
| Söluhagnaður fastafjármuna | -10 | 817 | -827 | -101% |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.631 | 3.513 | -882 | -25% |
| Samtals | 37.558 | 41.210 | -3.652 | -9% |

KOSTNAÐUR Á FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGI

- Heildarkostnaður nam 207,0 milljónum USD á fjórða ársfjórðungi.
- Heildarkostnaður jókst um 1%.

| Púsundir USD | 4. ársfj. 2014 | 4. ársfj. 2013 | Breyting | % Breyting | % af kostnaði 2014 |
|------------------------------------------|-------------------|-------------------|--------------|------------|--------------------------|
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 65,114 | 62,133 | 2,981 | 5% | 31% |
| Eldsneytiskostnaður | 53,486 | 53,995 | -509 | -1% | 26% |
| Flugvélaleiga | 7,882 | 7,501 | 381 | 5% | 4% |
| Viðhaldskostnaður flugvéla | 16,428 | 17,055 | -627 | -4% | 8% |
| Afgreiðslu-, landingar og yfirflugsgjöld | 16,928 | 16,591 | 337 | 2% | 8% |
| Annar rekstrarkostnaður | 47,124 | 48,530 | -1,406 | -3% | 23% |
| Samtals | 206,962 | 205,804 | 1,158 | 1% | 100% |

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkaði um 3,0 milljónir USD eða 5% í samanburði við fjórða ársfjórðung 2013. Aukið umfang reksturs og áhrif samningsbundinna launahækkana skýra frávikin.

Eldsneytiskostnaður lækkaði um 1% á milli ára á fjórðungnum og nam alls 53,5 milljónum. Frávikin skýrast af lækkandi heimsmarkaðsverði á eldsneyti. Meðalheimsmarkaðsverð á fjórða ársfjórðungi 2014 var 751 USD/tonn, en nam 998 USD/tonn á sama tímabili árið 2013.

Flugvélaleiga nam alls 7,9 milljónum USD á fjórðungnum og jókst lítillega eða um 0,4 milljónir USD samanborið við fjórða ársfjórðung 2013. Viðhaldskostnaður nam 16,4 milljónum USD og lækkaði um 0,6 milljónir USD á milli ára. Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld námu 16,9 milljónum USD og jukust um 2% eða 0,3 milljónir USD vegna aukinnar framleiðslu og almennra verðhækkana.

Annar rekstrarkostnaður nam 47,1 milljón USD á fjórða ársfjórðungi árið 2014 og lækkaði um 1,4 milljónir USD samanborið við sama tímabil ársins 2013. Aðkeypt ferðaþjónusta lækkar töluvert á milli ára og skýrist lækkunin að mestu af þýðingarmun sem skekkir samanburð á milli ára í fjórðungnum. Hér á eftir má sjá yfirlit yfir aðra helstu liði:

| Púsundir USD | 4. ársfj. 2014 | 4. ársfj. 2013 | Breyting | % Breyting |
|--------------------------------------------|-------------------|-------------------|---------------|------------|
| Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga | 5,351 | 5,585 | -234 | -4% |
| Samskiptakostnaður | 3,737 | 3,400 | 337 | 10% |
| Auglýsingakostnaður | 7,803 | 6,170 | 1,633 | 26% |
| Bókunargj., kreditkortabókun og umboðslaun | 9,737 | 8,136 | 1,601 | 20% |
| Kostnaðarverð seldra vara | 5,480 | 5,448 | 32 | 1% |
| Þjónusta við farþega og hótलगesti | 3,892 | 3,738 | 154 | 4% |
| Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu | 3,221 | 6,851 | -3,630 | -53% |
| Annar rekstrarkostnaður | 7,903 | 9,202 | -1,299 | -14% |
| Samtals | 47,124 | 48,530 | -1,406 | -3% |

FJÁRMAGNSLIÐIR

- Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 1,2 milljónir USD.
- Gengisáhrif voru jákvæð um 1,3 milljónir USD.

| Þúsundir USD | 4. ársfj. 2014 | 4. ársfj. 2013 | Breyting | % Breyting |
|----------------|-------------------|-------------------|--------------|------------|
| Fjármunatekjur | 932 | 1.176 | -244 | -21% |
| Fjármagnsgjöld | -1.041 | -2.252 | 1.211 | -54% |
| Gengisáhrif | 1.341 | 837 | 504 | 60% |
| Samtals | 1.232 | -239 | 1.471 | - |

Fjármunatekjur námu 0,9 milljónum USD og voru 0,2 milljónum USD lægri en á fjórða ársfjórðungi árið 2013. Fjármagnsgjöld á fjórða ársfjórðungi námu 1,0 milljón USD og lækkuðu um 1,2 milljónir USD á milli ára. Gengisáhrif á fjórðungnum voru jákvæð og námu 1,3 milljónum USD.

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir voru 849,2 milljónir USD í lok árs 2014.
- Eiginfjárlutfall var 43%.

| Þúsundir USD | 31.12.2014 | 31.12.2013 | Breyting |
|--------------------------------|------------|------------|----------|
| Heildareignir | 849.220 | 832.875 | 16.345 |
| Eigið fé | 365.055 | 346.082 | 18.973 |
| Vaxtaberandi skuldir | 61.934 | 122.017 | -60.083 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | -153.707 | -77.476 | -76.231 |
| Handbært fé og markaðsverðbréf | 215.641 | 199.493 | 16.148 |
| Eiginfjárlutfall | 43% | 42% | 1 %-stig |
| Veltufjárlutfall | 0,83 | 0,94 | -11% |

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 319,3 milljónum USD og jukust um 20,1 milljón USD frá ársbyrjun. Stærsta eign félagsins er flugvélafloti þess og má sjá nánari umfjöllun um hann undir kaflanum „Flugvélafloti“.

Eigið fé nam 365,1 milljón USD í lok árs 2014 og eiginfjárlutfallið var 43% og hækkaði miðað við árslok 2013 þegar það nam 42%. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir breytingar á eigin fé á árinu.

| Þúsundir USD | |
|------------------------------|----------------|
| Staðan 1.1. 2014 | 346.082 |
| Heildarafkoma ársins | 37.967 |
| Arður (0,38 USD cent á hlut) | -18.994 |
| Staðan 31.12.2014 | 365.055 |

Vaxtaberandi skuldir námu 61,9 milljónum USD, samanborið við 122,0 milljónir USD í lok árs 2013. Afborganir langtímaskulda á fjórða ársfjórðungi námu 3,8 milljónum USD. Á árinu 2014 námu afborganir langtímaskulda alls 70,5 milljónum USD.

Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 215,6 milljónum USD í lok árs 2014 samanborið við 199,5 milljónir USD í lok árs 2013. Nettó vaxtaberandi skuldir voru því neikvæðar í árslok 2014 að fjárhæð 153,7 milljónum USD sem er lækkun um 76,2 milljónir USD frá árslokum 2013.

| Púsundir USD | 31.12.2014 | 31.12.2013 | Breyting |
|-----------------------------------|-----------------|----------------|----------------|
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 49.671 | 78.489 | -28.818 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 12.263 | 43.528 | -31.265 |
| Markaðsverðbréf | 30.879 | 7.955 | 22.924 |
| Handbært fé | 184.762 | 191.538 | -6.776 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | -153.707 | -77.476 | -76.231 |

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- | **Handbært fé frá rekstri árið 2014 nam 215,3 milljónum USD.**
- | **Sjósstaða félagsins er sterk.**
- | **Handbært fé í lok árs 2014 var 184,8 milljónir USD.**

| Púsundir USD | 4. ársfj. 2014 | Breyt. frá 2013 | 12 mán. 2014 | Breyt. frá 2013 |
|-----------------------------------|----------------|-----------------|----------------|-----------------|
| Veltufé til/frá rekstri | -10.125 | -14.699 | 162.807 | 422 |
| Handbært fé frá rekstri | 4.552 | -11.161 | 215.315 | -15.559 |
| Fjárfestingahreyfingar | -43.818 | -11.155 | -130.156 | -16.933 |
| Fjármögnunarahreyfingar | -3.008 | 4.934 | -88.684 | -43.452 |
| Handbært fé, breyting | -42.274 | -17.382 | -3.525 | -75.944 |
| Handbært fé í lok tímabils | 184.762 | -6.776 | 184.762 | -6.776 |

Handbært fé frá rekstri á fjórða ársfjórðungi nam 4,6 milljónum USD. Handbært fé frá rekstri á árinu 2014 nam 215,3 milljónum USD samanborið við 230,9 milljónum USD árið 2013. Sjósstaða ársins lækkaði um 3,5 milljónir USD og handbært fé í árslok var 184,8 milljónir USD.

Fjárfestingar á fjórða ársfjórðungi 2014 námu 39,4 milljónum USD og heildarfjárfestingar ársins námu 109,3 milljónum USD. Í töflunni hér á eftir má sjá yfirlit yfir helstu fjárfestingar félagsins á fjórða ársfjórðungi og á árinu í heild.

| Púsundir USD | 4. ársfj.14 | Samtals 2014 |
|-----------------------------------|---------------|----------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | |
| Flugvélar og fylgihlutir | 10.611 | 40.511 |
| Hreyflayfirhöl eigin vélar | 14.874 | 29.574 |
| Aðrar fjárfestingar | 6.179 | 17.808 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir alls | 31.664 | 87.893 |
| Langtímakostnaður | | |
| Hreyflayfirhöl á leiguvélum | 7.002 | 19.160 |
| Óefnislegar eignir | 752 | 2.240 |
| Fjárfestingar samtals | 39.418 | 109.293 |

FLUGVÉLAFLOTI

- | **Flugvélar félagsins í árslok 2014 voru 37.**
- | **Staðfest pöntun hjá Boeing um kaup á sextán 737 MAX8 og MAX9 vélum ásamt kaupréttum á átta flugvélum til viðbótar.**
- | **Boeing 757-200 áfram notaðar í millilandaflugi félagsins samhliða nýjum flota.**

Í lok ársins 2014 samanstóð flugfloti Icelandair Group af 37 vélum. Þar af voru 28 vélar í eigu félagsins og 9 vélar voru leiguvélar.

| Flugvélagerð | Icelandair | Cargo | Loftleiðir | Flugfélag Íslands | Flugfloti 31.12.14 | Flugfloti 31.12.13 | Eigin vélar | Leigu- vélar | Breyt. frá 31.12.13 |
|----------------|------------|----------|------------|-------------------|--------------------|--------------------|-------------|--------------|---------------------|
| B757 200 | 20 | 2 | 2 | | 24 | 23 | 20 | 4 | 1 |
| B757 300 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | | 0 |
| B767 300 | | | 2 | | 2 | 3 | | 2 | -1 |
| B737 700 | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 0 |
| B737 800 | | | 2 | | 2 | 2 | | 2 | 0 |
| Fokker F-50 | | | | 5 | 5 | 5 | 5 | | 0 |
| Dash 8-200 | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | | 0 |
| Samtals | 21 | 2 | 7 | 7 | 37 | 37 | 28 | 9 | 0 |

Í febrúar 2013 undirritaði Icelandair Group samning við Boeing um pöntun á sextán 737 MAX8 og 737 MAX9 flugvélum ásamt kauprétti á átta flugvélum til viðbótar. Afhending á fyrstu vélunum verður á fyrri hluta árs 2018. Skuldbinding vegna kaupanna nemur samkvæmt listaverði frá Boeing 1,8 milljörðum USD. Vegna trúnaðarákvæða í samningnum er kaupverð ekki gefið upp.

HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- | Áframhaldandi áhersla á arðbæran innri vöxt.
- | Góðar horfur í ferðapjónustu á Íslandi.
- | Útlit í fraktflutningum og leiguflugsstarfsemi gott.

Horfur í rekstri Icelandair Group fyrir árið 2015 eru góðar. Áætlanir stjórnenda gera ráð fyrir áframhaldandi arðbærum vexti á árinu. Flugáætlun í millilandaflugi fyrir árið 2015 var kynnt í september 2014 og var ráðgert að hún myndi stækka um 12% á milli ára. Tilkynnt var um tvo nýja áfangastaði í leiðakerfinu, Portland á vesturströnd Bandaríkjanna og Birmingham á Bretlandi ásamt fjölgun ferða á núverandi áfangastaði. Eftir að flugáætlunin var kynnt var ákveðið að auka framboð enn frekar og bæta við einni Boeing 757 til viðbótar við það sem áður hafði verið tilkynnt um. Ásamt því að fljúga viðbótarflug yfir háönnina mun vélin verða nýtt sem aukavél. Framboðsáukning á árinu 2015 er því ráðgerð 14% samanborið við árið 2014. Gert er ráð fyrir að millilandaferðar verði um 3 milljónir á árinu og að 24 Boeing 757 flugvélar verði nýttar í leiðakerfinu. Bókanir fyrir fyrstu mánuði ársins fara vel af stað og eru í takt við áætlanir um aukinn vöxt.

Líkt og í millilandaflugsstarfseminni er gert ráð fyrir vexti í annarri starfsemi félagsins á árinu 2015. Góðar horfur eru í ferðapjónustu á Íslandi. Gert er ráð fyrir töluverði aukningu á sætaframboði til Íslands á árinu 2015 sem felur í sér tækifæri fyrir félög innan samstæðunnar sem sinna ferðapjónustu. Útlit í fraktstarfsemi er gott. Árið 2015 mun félagið einbeita sér að fraktflutningum í áætlunarflugi til og frá Íslandi, en um mitt árið 2014 dró félagið sig alfarið úr leiguflugsverkefnum með frakt. Tvær fraktflutningavélar verða notaðar í starfseminni ásamt því að nýta fraktrými í farþegavélum millilandaflugsins. Áfram er gert ráð fyrir að leiguflugsstarfsemi félagsins muni ganga vel. Þar verður áfram lögð áhersla á leigu flugvéla með viðhaldsráðgjöf ásamt því að sinna verkefnum sem þarfnast áhafnaleigu.

Staða eldsneytisvarna félagsins í lok janúar 2015 er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 47% af áætlaðri notkun næstu 12 mánuði hefur verið varin með samningum.

| Mán. | Áætluð notkun (tonn) | Valréttir | Skipta-samningar | Samtals valréttir og skiptasamn. | Hlutfall varið | Meðalverð valréttá USD | Kaupréttarverð | Söluréttarverð |
|----------------|----------------------|---------------|------------------|----------------------------------|----------------|------------------------|----------------|----------------|
| Feb '15 | 14.095 | 4.000 | 3.200 | 7.200 | 51% | 905 | 1.000 | 936 |
| Mar '15 | 17.363 | 3.000 | 7.200 | 10.200 | 59% | 851 | 990 | 933 |
| Apr '15 | 18.305 | 3.000 | 7.200 | 10.200 | 56% | 841 | 1.000 | 892 |
| Mai '15 | 28.119 | 4.000 | 12.200 | 16.200 | 58% | 834 | 1.000 | 932 |
| Jún '15 | 34.056 | 6.000 | 11.200 | 17.200 | 51% | 895 | 987 | 883 |
| Júl '15 | 34.918 | 6.000 | 11.300 | 17.300 | 50% | 864 | 987 | 871 |
| Ágú '15 | 34.861 | 8.000 | 9.300 | 17.300 | 50% | 848 | 965 | 854 |
| Sep '15 | 29.630 | 6.000 | 8.200 | 14.200 | 48% | 850 | 929 | 859 |
| Okt '15 | 22.616 | 4.000 | 6.200 | 10.200 | 45% | 683 | 900 | 831 |
| Nóv '15 | 18.789 | 0 | 6.200 | 6.200 | 33% | 686 | 0 | 0 |
| Des '15 | 17.269 | 0 | 5.200 | 5.200 | 30% | 570 | 0 | 0 |
| Jan '16 | 16.149 | 0 | 4.000 | 4.000 | 25% | 574 | 0 | 0 |
| Samtals | 286.170 | 44.000 | 91.400 | 135.400 | 47% | | | |

EBITDA SPÁ 2015

EBITDA spá fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að EBITDA muni hækka samanborið við árið 2014 og verða um 160-165 milljónir USD. Sú spá gerir ráð fyrir að gengi EUR gagnvart USD verði að meðaltali 1,15 á árinu. Samningar félagsins um eldsneytiskaup eru þess eðlis að innkaupsverð hvers mánaðar án tillit til varna ræðst að mestu leyti af meðalheimsmarkaðsverði mánaðarins á undan. Meðalheimsmarkaðsverð í desember var um 640 USD/tonn sem verður þá innkaupsverð félagsins í janúar, og um 530 USD/tonn í janúar sem verður innkaupsverðið í febrúar. Félagið gerir ráð fyrir að meðalinnkaupsverð verði 575 USD/tonn í mars – júní og 625 USD/tonn á síðustu 6 mánuðum ársins.

Gert er ráð fyrir að EBITDA hlutfallið muni hækka á milli ára og nema 15,0%-15,5% samanborið við 13,9% á árinu 2014. Lækkað eldsneytisverð er sá einstaki liður sem hefur hvað mest áhrif til hækkunar á EBITDA á milli ára. Á móti kemur að styrking bandaríkjadalags gagnvart evrópumyntum hefur neikvæð áhrif á tekjur og afkomu félagsins.

Líkt og undanfarin ár er gert ráð fyrir að EBITDA á fyrsta ársfjórðungi verði neikvæð og lakari en á fyrsta ársfjórðungi 2014 sem skýrist af vexti félagsins. Kostnaður sem tengist auknu umfangi á háannatíma er að miklu leyti gjaldfærður í fjórðungnum. Má þar nefna kostnað vegna auglýsinga og markaðssóknar, innleiðingu flugvéla og kostnað vegna bókana fyrir háönn. Sem fyrr mun meirihluti hagnaðar félagsins verða til á þriðja fjórðungi ársins.

HLUTHAFAR

- | Markaðsvirði félagsins í árslok 2014 nam 107,0 milljörðum íslenskra króna.
- | Hækkun hlutabréfaverðs á fjórða ársfjórðungi nam 23,3%.
- | Hækkun hlutabréfaverðs á árinu 2014 var 17,6%.

Markaðsvirði félagsins nam 107,0 milljörðum króna í lok fjórða ársfjórðungs 2014. Lokaverð fjórðungsins var 21,4 krónur á hvern hlut og var það jafnframt hæsta dagslokaverð á hvern hlut í fjórðungnum. Lægsta dagslokaverð á hvern hlut í fjórðungnum var 17,4 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 19,2 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefna hlutabréfa þann 31. desember 2014 var 5.000.000.000 og fjöldi útistandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins hækkaði um 17,6% á árinu 2014 og fjöldi hluthafa var 2.099 í lok desember.

Stjórn Icelandair Group leggur til að 2.500 milljónir íslenskra króna verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2015. Samsvarar það 0,5 krónum á hvern hlut.

Hlutabréfaferð og velta - þróun á ársinu 2014:**LYKILSTÆRÐIR EFTIR ÁRSFJÓRÐUNGUM**

| Þúsundir USD | 1. ársfj. 14 | 2. ársfj. 14 | 3. ársfj. 14 | 4. ársfj. 14 | 2014 |
|--------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|-----------|
| Afkomutölur | | | | | |
| Heildartekjur | 191,277 | 297,793 | 418,746 | 205,481 | 1,113,297 |
| EBITDAR | -3,137 | 54,918 | 134,541 | 7,088 | 193,410 |
| EBITDA | -13,304 | 45,240 | 123,883 | -1,481 | 154,338 |
| EBIT | -30,600 | 25,850 | 102,515 | -18,756 | 79,009 |
| EBT | -33,362 | 24,776 | 106,189 | -17,695 | 79,908 |
| Hagnaður / tap tímabils | -26,721 | 22,393 | 85,801 | -14,974 | 66,499 |
| EBITDAR % | -1.6% | 18.4% | 32.1% | 3.4% | 17.4% |
| EBITDA % | -7.0% | 15.2% | 29.6% | -0.7% | 13.9% |
| Efnahagsreikningur | | | | | |
| Heildareignir | 927,291 | 947,590 | 877,233 | - | 849,220 |
| Eigið fé | 298,722 | 323,543 | 403,607 | - | 365,055 |
| Vaxtaberandi skuldir | 93,727 | 60,205 | 55,469 | - | 61,934 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | -166,027 | -223,082 | -199,226 | - | -153,707 |
| Handbært fé og markaðsverðbréf | 259,754 | 283,287 | 254,695 | - | 215,641 |
| Sjóðsstreymi | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | -12,549 | 50,270 | 135,211 | -10,125 | 162,807 |
| Handbært fé til rekstrar | 121,371 | 83,625 | 5,767 | 4,552 | 215,315 |
| Fjárfestingahreyfingar | -33,946 | -14,009 | -38,383 | -43,818 | -130,156 |
| Fjármögnunarahreyfingar | -29,138 | -52,916 | -3,622 | -3,008 | -88,684 |
| Handbært fé í lok tímabils | 250,213 | 256,993 | 227,576 | 184,762 | 184,762 |

KYNNINGARFUNDUR FÖSTUDAGINN 6. FEBRÚAR 2014

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 6. febrúar 2015 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin er haldin í Þingsal 2 og hefst kl. 8:30. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

SAMÞYKKT ÁRSREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna fjórða ársfjórðungs og ársuppgjörs 2014 var samþykktur á stjórnarfundum þann 5. febrúar 2015. Ársreikningurinn var endurskoðaður af KPMG Endurskoðun hf.

FJÁRHAGSDAGATAL

- | Aðalfundur, 11. mars 2015
- | Uppgjör 1. ársfjórðungs – vika 18, 2015
- | Uppgjör 2. ársfjórðungs – vika 31, 2015
- | Uppgjör 3. ársfjórðungs – vika 44, 2015
- | Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2016

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801